

Alþingi  
Erindi nr. P 137/308  
komudagur 22.6.2009

Nefndasvið Alþingis  
Utanríkismálanefnd  
b/t Sigrúnar Brynju Einarsdóttur  
nefndarritara  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík



Reykjavík, 19. júní 2009.

38. mál

Efni: Tillögur til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu (38 og 54. mál).

*Viðskiptaráð þakkar nefndinni fyrir það tækifæri að fá að veita umsögn um ofangreindar tillögur sem fela í sér að aðildarumsókn að Evrópusambandinu (ESB) verði undirbúin og send sambandinu.*

Viðskiptaráð Íslands fagnar því að aðildarumsókn að ESB sé nú á dagskrá Alþingis og er sérstaklega ánægjulegt að sjá viðleitni í átt að umfangsmiklu samstarfi við ýmsa aðila í því ferli. Viðskiptaráð hefur áður bent á þá efnahagslegu kosti sem fylgja aðild að myntbandalagi Evrópu og ESB og hvatt til þess, sem hluta af opinni umræðu um lausn efnahagsvandans, að þeir kostir séu skoðaðir til hlítar með aðildarumsókn. Að því sögðu er hins vegar ljóst að halda verður til hagna sérstökum íslenskum hagsmunum líkt og fjallað var um í ályktun stjórnar Viðskiptaráðs frá því í desember, en hún hljóðaði svo:

*„Í ljósi þeirrar stöðu sem nú er uppi í efnahagsmálum þjóðarinnar er mikilvægt að opin umræða um lausnir á efnahagsvandnum eigi sér stað og að þar verði tilteknir valkostir ekki útilokaðir. Í þessu sambandi verður ekki hjá því litið að raunverulegir efnahagslegir kostir fylgja aðild að myntbandalagi Evrópu og Evrópusambandinu (ESB). Þeir kostir verða ekki skoðaðir til hlítar nema með aðildarumsókn. Því mælist stjórn Viðskiptaráðs Íslands til þess að þegar í stað verði skilgreind samningsmarkmið og að sótt verði um aðild að ESB í kjölfarið. Þannig verði kostir aðildar kannaðir um leið og sérstökum íslenskum hagsmunum, einkum þeim sem lúta að nýtingu og stjórnun auðlinda, verður skilyrðislaust haldið til hagna. Stjórn Viðskiptaráðs Íslands tekur afstöðu til aðildarsamnings þegar hann liggur fyrir.“*

Viðskiptaráð býður fram krafta sinni í þeirri vinnu sem framundan er og mun í þeim efnum gæta hagsmuna allra aðildarfélaga ráðsins, en innan þess eru, líkt og almennt, skiptar skoðanir um ágæti eiginlegrar aðildar. Málefnavinna ráðsins undanfarin tvö ár getur nýst vel við undirbúning aðildarviðræðna, en ráðið hefur ígrundað og kortlagt eins og unnt er ferli aðildarviðræðna, helstu álitamál fyrir Ísland og áhrif hugsanlegrar aðildar á helstu atvinnuvegi. Hluta þessarar vinnu má finna í skýrslu ráðsins frá Viðskiptaþingi 2008 *Íslenska krónan: byrði eða blóraböggul* og skýrslu ráðsins frá síðasta Viðskiptaþingi *Endurreisn hagkerfisins: horft til framtíðar*. Báðar skýrslurnar eru aðgengilegar á vef ráðsins. Að auki átti ráðið fulltrúa í tvíhöfðanefnd fyrri ríkisstjórnar og tók þar þátt í undirbúningi skýrslu nefndarinnar dags. 17. apríl og skilaði séráliti ásamt fleiri aðilum (sjá bls. 58 í skýrslu).

Þó umfjöllunarefni ofangreindra tillagna til þingsályktunar sé hið sama, þ.e. (möguleg) umsókn um aðild að ESB að undangengnu víðtæku samráði þar sem tilteknum íslenskum hagsmunum skal haldið til hagna, þá hafa þær að geyma talsvert ólíka nálgun á efnið.

Hvað tillögu stjórnarandstöðunnar varðar (54. mál) þá tekur Viðskiptaráð undir það sjónarmið flutningsmanna tillögunnar að vandaður málalíbúnaður stuðli að víðtækari sátt um málið í þjóðfélaginu. Afar mikilvægt er að reynt sé að skapa sem víðtækasta sátt um aðildarumsókn, þó ekki sé einhugur í

afstöðu til endanlegar aðildar. Hins vegar telur Viðskiptaráð að gerð vegvísis um öll álitamál og nauðsynlegar ráðstafanir vegna málsins sé að miklu leyti óþörf. Ástæðan fyrir þeirri afstöðu ráðsins er sú að fjallað er ítarlega um þessi mál í viðamikilli skýrslu sem unnin var á vegum forsætisráðuneytisins árið 2007 um samstarf Íslands á vettvangi EES og Schengen og álitaeftni varðandi hugsanlega aðild að ESB (Tengsl Íslands og Evrópusambandsins). Í henni er farið yfir samningaviðræður, aðild að stofnunum ESB, kostnað við aðild, aðild að myntbandalaginu, vænt áhrif á sjávarútveg og landbúnað o.fl., en lítið hefur breyst í ranni ESB síðan þessi skýrsla var unnin. Að auki er ferli aðildarviðræðna þegar fastmótað og því skiptir litlu að afstaða sé tekin til þess, nema hvað varðar hin sérstöku samningsmarkmið.


Þessi samningsmarkmið munu mynda þann ramma sem viðræðunefndin mun vinna eftir og því mikilvægt að sem flestir komi að undirbúningu þeirra. Að öðru leyti telur Viðskiptaráð óþarft að skilyrða frekar það umboð sem nefndinni verður falið, líkt og tillagan nefnir, enda er það þjóðarinnar að taka endanlega ákvörðun og óeðlilegt að ákvörðunarvald hennar taki ekki til málsins í heild.

Hvað tillögu ríkisstjórnarinnar varðar (38. mál) þá vantar töluvert uppá að áhersla sé lögð á gegnsæi og upplýsingagjöf. Íslenskur almenningur á skýlausan rétt á því að gagnsæi sé í forgrunni og því þarf skýr rammi um upplýsingagjöf að vera til staðar. Í þessu leiti er tillaga stjórnarandstöðunnar betur ígrunduð, að áðurnefndum tvíverknaði frátöldum. Að mati ráðsins skiptir miklu að þær upplýsingar sem fyrrgreind skýrsla forsætisráðuneytisins inniheldur og aðrar séu gerðar aðgengilegri. Ráð væri að draga saman helstu niðurstöður skýrslunnar og teikna upp ferli aðildarviðræðna, þetta ásamt öðrum gögnum yrði svo gert aðgengilegt á sérstakri vefíðu sem helguð væri málefnum. Hvað ferli aðildarviðræðna varðar vísar undirritaður sérstaklega til ofangreindra skýrslna Viðskiptaráðs, en þar má finna skýra útlistan á ferlinu. (Íslenska krónan: byrði eða blóraböggull, bls. 71-72).

Það er ljóst að ein af stærstu ákvörðunum sem Íslendingar standa frammi fyrir á næstu misserum er með hvaða hætti Evrópusamstarfið verður þróað. Því fylgja ýmis skilyrði að ganga inn í ESB en endanlegt fyrirkomulag samstarfsins veltur á niðurstöðu aðildarviðræðna. Hingað til hafa helstu álitamálin snúið að áhrifum aðildar á sjávarútveg og landbúnað auk þess sem fullveldissjónarmið vega þungt hjá sumum. Það vill þó oft gleymast að ræða ýmsa aðra þætti sem myndu fylgja aðild. Meðal þess helsta eru áhrif á trúverðugleika landsins og breytt pólitísk staða í samfélagi þjóða, m.a. með þátttöku í stofnanaumhverfi sambandsins og auknum áhrifum Íslands á stefnu sambandsins.

Þó skiptar skoðanir séu almennt uppi um ágæti eiginlegrar aðildar ætti lítið að vera því til fyrirstöðu að sótt sé um aðild. Þar skiptir mestu að þjóðinni sé veitt tækifæri til að taka afstöðu til aðildar en að auki skiptir miklu að almenn umræða um aðild sé sem fyrst sett í formlegt ferli svo stjórnvöld geti hugað að öðrum mjög svo knýjandi málaflokkum.

Virðingarfyllt,



Finnur Oddsson  
Framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs